

## Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum

Gildir frá 1. janúar 2017

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum. Dagforeldrar eiga val um að greiðsla á sumarmánuði falli til í júlí eða ágúst. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni að fenginni tillögu fræðsluráðs.
2. Skilyrði fyrir greiðslur eru eftirfarandi
  - a. Að foreldri eigi lögheimili í Hafnarfirði og hafi lokið fæðingarorlofi.
  - b. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
  - c. Að barn sé slysatryggt.
3. Mánaðarleg greiðsla miðast við dvalartíma barns og er kr. 7.800 kr. fyrir hverja klukkustund á dag
4. Greitt er viðbótar niðurgreiðsla til tekjulágra foreldra/forráðarmanna og er kr. 9.300 (20%) og kr. 10.900 (40%) í samræmi við eftirfarandi tekjuviðmið:

### **Einstaklingur**

0 til 3.334.088 kr. -(allt að á mánuði 277.841 kr.) 40%

3.334.089 til 4.000.905 kr. - (allt að á mánuði 333.409 kr.) 20%

### **Í sambúð**

0 til 4.667.723 kr. - (allt að á mánuði 388.977 kr.) 40%

4.667.724 til 5.601.268 kr. - (allt að á mánuði 466.772 kr.) 20%

Afsláttur er reiknaður út frá álagningu ársins á undan það er samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10). Ef tekjur hafa breyst á árinu skal skila inn gögnum um tekjur sl. þriggja mánaða.

5. Greitt er fyrir hálfan og heilan mánuð og miðast við 1. og 15. hvers mánaðar.
6. Veittur er 100% afsláttur af dvalargjaldi með öðru barni ef um systkini yngra en fimmtán mánaða er að ræða í daggæslu. Skilyrði er að systkinin hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá.
7. Systkinaafsláttur er veittur vegna systkina sem eru samtímis í leikskóla eða hjá dagforeldri. Foreldrar fá afslátt af dvalargjaldi leikskóla ef þeir eru með börn samtímis í leikskóla og hjá dagforeldri, gegn því að framvísa til leikskólustjóra niðurgreiðslukvittun. Afsláttur reiknast af almennum dvalargjaldi, fyrir hvert barn umfram eitt. Fyrir yngsta systkini er greitt fullt gjald, en eftirfarandi afsláttur er veittur fyrir önnur systkini:

I. Fyrir annað systkini 50 % afsláttur.

II. Fyrir þriðja systkini 75 % afsláttur.

III. Fyrir þriðja systkini 100 % afsláttur.

8. Sérstök niðurgreiðsla er greidd vegna barna eldri en átján mánaða og er kr. 10.900 fyrir hverja klukkustund á dag. Ekki er greitt fyrir fleiri en 8 ½ stundir á dag. Greiðslur hefjast næsta mánuð eftir að barnið hefur náð átján mánaða aldri og eru fjárhæðir óháðar tekjum.

Samþykkt í bæjarstjórn  
xx. janúar 2017

Haraldur Líndal Haraldsson  
bæjarstjóri